

**Sjóvá – Árshlutauppgjör****Hagnaður 1.330 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins****Tap 472 m.kr. á þriðja ársfjórðungi**

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 499 m.kr.
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 946 m.kr.
- Ávöxtun eignasafns félagsins -2,4%

**Hermann Björnsson, forstjóri:**

„Váttryggingareksturinn heldur áfram að styrkjast frá fyrra ári hvort sem litið er til þriðja ársfjórðungs eða fyrstu níu mánaða ársins. Samsett hlutfall fjórðungsins nemur 94,6%. Neikvæð þróun verðbréfamarkaða á þriðja ársfjórðungi gerði það hins vegar að verkom að 472 m.kr. tap varð á rekstri. Undanfarin ár hefur það verið afkoma fjárfestinga sem hefur borið uppi jákvæða afkomu. Það er því ánægjulegt að váttryggingarekstur skili 884 m.kr. í afkomu fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins sem er tæplega tvöföldun frá sama tíma í fyrra og endar samsett hlutfall í 99,3% á tímabilinu.

Í upphafi árs voru birtar horfur fyrir árið 2017 um að samsett hlutfall verði á bilinu 97-99% og að afkoma fyrir skatta verði umfram 2.500 m.kr. Ekki er talin ástæða til að breyta umræddum horfum en þó vert að benda á þær miklu sveiflur fjárfestingartekna sem orðið hafa á árinu.“ segir Hermann.

**Helstu niðurstöður og lykiltölur**

	3F	3F		9M	9M	
	2017	2016	%	2017	2016	%
<b>Váttryggingastarfsemi</b>						
Iðgjöld tímabilsins	4.294	4.073	5,4%	12.172	11.348	7,3%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-236	-312	-24,2%	-630	-701	-10,1%
Eigin iðgjöld	4.058	3.761	7,9%	11.542	10.647	8,4%
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	266	191	38,8%	802	595	34,8%
Aðrar tekjur	8	91	-91,1%	28	106	-73,6%
Heildartekjur af váttryggingarekstri	4.332	4.044	7,1%	12.372	11.348	9,0%
Tjón tímabilsins	-3.028	-2.836	6,8%	-8.984	-8.252	8,9%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	15	-7	-321,4%	179	-10	
Eigin tjón	-3.013	-2.843	6,0%	-8.805	-8.262	6,6%
Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri	-819	-808	1,4%	-2.683	-2.614	2,6%
Heildargjöld af váttryggingarekstri	-3.832	-3.651	5,0%	-11.488	-10.876	5,6%
<b>Hagnaður/tap af váttryggingarekstri</b>	<b>499</b>	<b>394</b>	<b>26,8%</b>	<b>884</b>	<b>471</b>	<b>87,7%</b>
<b>Fjárfestingarstarfsemi</b>						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	-885	598	-248,0%	813	1.481	-45,1%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-62	-60	3,2%	-196	-166	18,1%
<b>Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi</b>	<b>-946</b>	<b>538</b>	<b>-275,9%</b>	<b>617</b>	<b>1.315</b>	<b>-53,1%</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>-447</b>	<b>932</b>	<b>-148,0%</b>	<b>1.501</b>	<b>1.787</b>	<b>-16,0%</b>
Tekjuskattur	-25	-74	-66,0%	-171	-219	-21,9%
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>-472</b>	<b>858</b>	<b>-155,0%</b>	<b>1.330</b>	<b>1.568</b>	<b>-15,2%</b>

	3F	3F	9M	9M
	2017	2016	2017	2016
Tjónahlutfall	70,5%	69,6%	73,8%	72,7%
Endurtryggingahlutfall	5,0%	5,6%	3,5%	5,3%
Kostnaðarhlutfall	19,1%	19,8%	22,0%	23,0%
Samsett hlutfall	94,6%	95,0%	99,3%	101,1%
Ávöxtun eigin fjár	-12,7%	20,7%	11,0%	12,6%
Hagnaður á hlut	-0,34	0,56	0,95	1,02
Eigið fé	14.899	16.900	14.899	16.900
Gjaldþolshlutfall SII	1,48	1,95	1,48	1,95

### Kynningarfundur 2. nóvember kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi 2017, fimmtudaginn 2. nóvember kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni [www.sjova.is/afkomukynningar](http://www.sjova.is/afkomukynningar)

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 2. nóvember 2017. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.